

70

22. sept.

AUGLÝSING

um staðfestingu ríkisstjóra á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands
nr. 47 frá 30. júní 1942.

Samkvæmt tillögum ráðuneytisins hefur ríkisstjóri staðfest eftirfarandi breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands:

- a. Í 49. gr., b-lið, 3. málsg., komi talan 11 á eftir tölunni 9.
- b. Aftan við 3. málsg. sömu greinar bætist: Stúdent, sem byrjaður er á verklegum æfingum í bókfærslu og endurskoðun, má ekki endurtaka prófið í almennri bókfærslu.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Í kennslumálaráðuneytinu, 22. september 1943.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.

71

30. sept.

AUGLÝSING

um staðfestingu ríkisstjóra á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands
nr. 47 frá 30. júní 1942.

Samkvæmt tillögu ráðuneytisins hefur ríkisstjóri staðfest eftirfarandi breytingu á reglugerð Háskóla Íslands.

Á eftir 55. gr., 2. málsg., komi 3. málsgrein, svo hljóðandi:

Háskólaráðið getur, að fengnum tillögum hlutaðeigandi deildar, ákveðið að munnleg vörn við doktorspróf megi falla niður, ef brýn ástæða þykir til.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Í kennslumálaráðuneytinu, 30. september 1943.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.

72

27. okt.

LÖG

um breyting á lögum nr. 64 4. júlí 1942, um sérstaka heimild til að afmá
veðskuldbindingar úr veðmálabókum.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Frestur sá, sem ákveðinn er í 2. málsg. 4. gr. laganna, til birtingar ógildingarstefnu, framlengist til 1. apríl 1944.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. október 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.